

21. fundur skólanefndar MK

Mættir:	Flosi Eiríksson, Margrét Friðriksdóttir skólameistari, Anna María Bjarnadóttir, Kristín Laufey Guðjónsdóttir fulltrúi foreldra, Guðlaugur Þór Ingvarsson fulltrúi nemenda, Halldóra Guðmundsdóttir, Gerður Bjarnadóttir fulltrúi kennara, Þóra Elfa Björnsson, Finnur Beck.
Forfallaðir:	Kolbeinn Óttarsson Proppé hefur vikið úr nefndinni vegna annarra starfa.
Staður:	Skrifstofa MK
Tími:	Kl. 12:00-13:10
Dags.:	18. janúar 2017

Nr.	Atriði	Ábyrgð	Tími
	Flosi Eiríksson formaður setti fundinn	FE	
1.	Rekstraráætlun 2017	MF	20 mín
	Skólameistari fór yfir ýmsa liði í rekstraráætluninni en hún er aðeins á eftir í vinnslu vegna ríkistjórnarskiptanna. Eftir er að fylla endanlega í ýmsa liði.		
2.	Stefnuskjal fyrir 2017-2019	MF	20 mín

	<p>Nýjung er að nú ber framhaldsskólum að skila stefnu skólans og markmiðum til þriggja ára og fá þau síðan samþykkt. Er þetta gert innan A-hluta í Stefnu ríkisaðila, sbr. 31. gr. laga um opinber fjármál. Unnið hefur verið að þessu innan skólans og síðan lagt fram í nokkrum liðum. Hæst ber um breytta kennsluhætti þar sem lögð er áhersla á grunnþætti náms ásamt leikni- og hæfniviðmiðum. Einnig skal stefnt að aukinni hagkvæmni í innkaupum, ekki síst með tilliti til umhverfispátta. Minnt á að komið er að endurnýjun tækja í verknáminu. Þá fór Margrét yfir nokkra skráða þætti úr markmiðunum sem ætlað er að bæta námið og reksturinn.</p>		
3.	Kjötiðnnám	MF	10 mín
	<p>Menntamálaráðuneytið hefur ákveðið að leggja fram sérstaka fjárveitingu eða kr. 7 milljónir svo unnt sé að koma námi í kjötið aftur í gang en 5 nemendur bíða þess að geta lokið námi og fleiri eru að byrja. Umræður við atvinnulífið eru að fara í gang um hvernig eigi að sinna framtíð þessarar iðngreinar. Var gerður góður rómur að sendingu ráðuneytisins.</p>		
4.	Skipunartími skólanefndar	MF	
	<p>Skiipunartími skólanefndar endar í mars nk. Ráðuneytið mun tilkynna hvernig nefndin verður skipuð næsta tíma tímabil.</p>		
5.	Önnur mál		
a.	<p>Skólameistari lýsti nýjung hjá matreiðslunemum að bjóða upp á hádegisverð á þriðjudögum frá 11:20-12:20. Eru allir velkomnir, einnig að taka með sér gesti.</p>	GPI	
b.	<p>Formaður sendi í vor bréf til annarra skólanefnda í</p>	FE	

	framhaldsskólum á landinu þar sem stungið var upp á ráðstefnu um fjárhagsvanda skólanna. Ákveðið var að geyma þetta aðeins vegna kosninganna en þráðurinn verður tekin upp fljótlega.		
c.	Fulltrúi nemenda sagði frá balli sem haldið verður á vegum nemafélagsins á morgun og ræddi atriði sem varða gæslu á svæðinu. Þá tók fulltrúi foreldra einnig til máls um sama atriði.	GPI	

Þóra Elfa Björnsson ritaði fundargerð

Uppfært þriðjudagur, 20 júní 2017 17:13